

25. fundur

20. desember 2022  
Málsnr. 2009606SA  
Málalykill: 16.34

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags stjórnenda leikskóla**

25. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla var haldinn þriðjudaginn 20. desember 2022. Fundurinn sem var fjarfundur á Teams hófst kl. 13:15.

Á fundinum voru fh. FSL, Sigurður Sigurjónsson og Fh. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Rakel Guðmundsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

**1. Tillaga frá stjórn Vísindasjóðs um breytingar á styrkfjárhæðum vegna hópferða.**

Tillaga sjóðsstjórnar um hækkun styrkfjárhæða vegna hópferða hefur borist samningsaðilum til staðfestingar. Tillagan gerir ráð fyrir að styrkfjárhæð vegna náms- og kynnisferða innan Evrópu hækki úr kr. 140.000 í kr. 170.000. Þá er lagt til að vegna náms- og kynnisferða utan Evrópu hækki styrkfjárhæð úr kr. 160.000 í kr. 190.000. Lagt er til að styrkuppþæðirnar hækki frá og með 1. janúar 2023.

**Niðurstaða:**

Samningsaðilar eru sammála um að frá og með 1. janúar 2023 breytist styrkfjárhæðir og verði sem hér segir:

Styrkfjárhæð vegna náms- og kynnisferða innan Evrópu verði að hámarki kr. 170.000

Styrkfjárhæð vegna náms- og kynnisferða utan Evrópu verði að hámarki kr. 190.000.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 13:30.